

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 26. nóvember 2018
UST201811-115/B.S.
10.05.07

Efni: Frummatsskýrsla. Mat á umhverfisáhrifum - Aukin vatnstaka Veitna í Vatnsendakrikum. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 5. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Öll mannvirki sem nauðsynleg eru til aukinnar vatnstöku eru þegar til staðar þannig að umhverfismat framkvæmdarinnar fjallar einungis um áhrif frekari vatnstöku.

Veitur ohf ráðgera aukna vatnstöku í Vatnsendakrika í Heiðmörk en þar eru nú teknir um 400 l/s og er talið í frummatsskýrslu að það teljist grunnástand þess svæðis. Ráðgert er að vantstaka á svæðinu verði um 650 l/s sem nýtingarleyfi er fyrir nú þegar.


Ástæða áforma Veitna um að reka tvö vatnstökusvæði í Heiðmörk eru sú að tryggja öruggari vatnsöflun í hlákutið þegar mikið yfirborðsvatn getur ógnað vatnsgæðum á neðra svæðinu og einnig til að tryggja að í þurrkatið sé unnt að auka vatnstöku á neðrasvæðinu til að minnka sveiflur í grunnvatnsstöðu í Vatnsendakrikum, Kaldárbotnum og á rennsli Kaldár.

Núverandi vatnstaka hefur þegar valdið varanlegri vatnsborðslækkun á öllu vatnstökusvæðinu í Heiðmörk og Kaldárbotnum og því má ætla að áhrif hennar séu þegar fram komin. Fram kemur í frummatsskýrslu að vatnstaka á Höfuðborgarsvæðinu nemi um 8% af vatnsmagni þeirra grunnvatnsstrauma sem um svæðið renna til sjávar. Talið er að þessi nýting sé sjálfbær og afturkræf.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur skýrsluna greinargóða.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Rákel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur